



## Fundargerð

### 194. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 25. júní 2024, kl. 13:00.

#### Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Margrét Ólafsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson (sat fyrri fund) og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, .

Jón Hrafn Karlsson, formaður setti fundinn að nýju. 194. fundi skipulagsnefndar var frestað. fimmtudaginn 20. júní síðast liðinn til dagsins í dag.

#### Almenn mál

1. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags

*Fyrir liggur tillaga að endurskoðuðu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 11. ágúst 2022. Vegna þess hve langt er um liðið frá síðustu auglýsingu auk þess að gerðar hafa verið talverðar breytingar frá auglýstri tillögu þá þykir ástæða að endurauglýsa hana. Tillagan inniheldur greinargerð, umhverfismatskýrslu, sveitarfélagsuppdrætti í nokkrum hlutum, þéttbýlisuppdrátt fyrir Kirkjubæjarklaustur ásamt skrá yfir vegi í náttúru Íslands. Tillagan verður send til umsagnaradila ásamt því að hún verður kynnt almenningi á auglýsingatíma tillögunnar.*

**Skipulagsnefnd samþykkir framlagða tillögu að endurskoðuðu Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043 og leggur til við sveitarstjórn að tillagan og umhverfisskýrsla verði auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

2. 2203005 - Snæbýli 1 - dsk ferðapjónusta

*Tekin fyrir deiliskipulagi ferðapjónustu Snæbýli I. Fyrir eru 3 hús sem byggð hafa verið á sl. 3 árum, sem er þá 1.áfangi. Hús 4, 5, og 6 eru 2.áfangi og hús 7, 8, 9, 10 og 11 eru 3.áfangi. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 30. júní 2022. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

3. 1906004 - Deiliskipulag - Efri Ey 2 og 3

*Tekin fyrir deiliskipulag ferðapjónustu Efri Ey II og III. Deiliskipulag þetta er unnið skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagssvæðið nær til hluta af landi Efri-Eyjar II (L163319) og hluta af landi Efri Eyjar III (L163320). Skipulagssvæðið er um 3 ha.*

*Meginmarkmið deiliskipulagsins er að skilgreina ramma utan um ferðapjónustuna sem fyrir er á svæðinu og framtíðaruppbyggingu henni tengdri. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 30. júní 2022. Vegna*



Ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

4. 2302029 - Deiliskipulag Núpum - Breyting

*Tekin fyrir breyting á deiliskipulagi fyrir Núpa. Tillagan sem gekk út á aukid byggingarmagn úr 3000 m<sup>2</sup> í 4700 m<sup>2</sup> var áður auglýst með athugasemdafresti til 5. júní 2023. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

5. 2309033 - Hemruhlíð nýtt deiliskipulag

*Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Hemruhlíð. Tillagan var áður auglýst með athugasemdafresti til 1. nóvember 2023. Vegna ósamræmis við gildandi aðalskipulag þá er nauðsynlegt að endurauglýsa tillöguna samhliða endurskoðun aðalskipulags.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 14.16.

---

Jón Hrafn Karlsson

---

Rúnar Þorri Guðnason

---

Jóhannes Gissurarson

---

Guðbrandur Magnússon

---

Elín Heiða Valsdóttir